Sjónlínan
Gleraugnaverslun
Strandgötu, Hafnarfirði / Sími 555 7060 / www.sjonlinan.is

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

ÁS
FASTEIGNASALA
Fjarðargötu 17 - Hafnarfirði
Sími 520 2600 - Fax 520 2601
Netfang: as@as.is - Heimasíða: www.as.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17

HAFNARFJÖRÐUR
GARÐABÆR
10. JÚLÍ 2015
13. tölublað 5. árgangur
UMHVERFISVOTTUÐ PRENTUN

Haukastúlkur í 6. og 7. flokki í knattspyrnu gerðu góða ferð norður á Sauðárkrók á dögunum þar sem þær kepptu á Landsbankamótinu. Fleiri Haukar hafa lagst í víking að undanförnu. *Sjá bls. 14*

Bæjarráð hefur samþykkt að Suðurnesjalína fari um Hafnarfjörð:

Línan í jörð frá Hamranesi?

Bæjarráð Hafnarfjarðar hefur samþykkt samkomulag við Landsnet um háspennulínu sem liggja í gegnum land Hafnarfjarðar við Vallarhverfi.

„Bæjarráð fagnar þessum áfanga og því samráði sem náðst hefur með virkri þátttöku hlutaðeigandi í samningsviðræðum, auk Hafnarfjarðarbæjar og Landnets, aðkomu fulltrúa íbúasamtaka svæðisins og álversins í Straumsvík," segir í fréttatilkynningu frá bænum.

Þar segir einnig að bæjarráðið leggi áherslu á að „áfram verði unnið að því að línur úr spennuvirkinu við Hamranes verði settar í jörðu".

Hundruð íbúa og ýmis samtök og aðrir gerðu fjölmargar athugasemdir við línuna. ***Sjá bls. 2***

ljósleiðari • ljósnet
6.990
Hringiðan
vortex.is 525 2400

MHG VERSLUN
Husqvarna
ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

Lögfræðiálit um bótakröfu vegna göngu- og hjólastígs yfir Arnarneshæð:

Töldu göngustíg ógna friðhelgi einkalífins

Garðabær lét vinna lögfræðiálit vegna athugasemda tveggja íbúa á Arnarnesinu um fyrirhugaðan hjóla- og göngustíg yfir Arnarneshæð. Stígurinn á að leggja yfir hæðina milli Hafnarfjarðarvegar og lóða þar vestan megin við.

Íbúarnir, Jónas Fr. Jónsson, sem býr í Hegranesi, og Árni Gíslason í Súlunesi, gerðu athugasemdir við að stígurinn myndi valda íbúum ónæði. Í athugasemdum var meðal annars talað um hávaða frá snjómokstri á göngu- og hjólastígnum. Einnig að þeir sem fari um stíginn geti „horft inn í garðinn“ hjá sér og jafnvel inn um glugga. Þannig sé friðhelgi einkalífsins raskað. Þar var fjallað um hugsanlegar bætur til íbúa vegna stígsins. Hugsanlega lækkun á verðgildi fasteignar og kostnað húseiganda við girðingar og gardínur. Þó megi bæta úr með því einfaldlega að færa fyrirhugaðan stíg.

Garðabær fól lögmanni að fara yfir efnið, en í niðurstöðum segir meðal annars að gert sé ráð fyrir því að stígurinn feli í sér óverulega röskun fyrir eigendur fasteigna á svæðinu og ekki umfram það sem búast mætti við miðað við staðsetningu viðkomandi eigna, eins og segir í fundargerð bæjarráðs Garðabæjar. Í minnisblaði lögmannsins segir enn fremur að girðing við stíginn verði hækkuð úr 1,6 metrum í 1,8 metra. Það ætti að koma til móts við íbúa. Þá græði þeir jafnfnframt á framkvæmdinni. Því bæjarráð áréttar að stígurinn sé í samræmi við deiliskipulag. Til standi að breyta hljóðmön og bæta, þannig verði hljóðvist betri og sömuleiðis sé verið að tryggja öryggi bæði íbúa og annarra vegfarenda með því að létta umferð um húsgötur.

Frjókorn undir meðallagi í Garðabæ

Í júní mældust færri frjókorn í Garðabæ en í sama mánuði tvö síðustu ár, eða 949 frjókorn í rúmmetra. Meðalfrjótala áranna 2011-2014 í júní er 1589. Aðalfrjógerðir voru birki-, gras- og furufrjó. Frá þessu er greint í frétt á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Þar segir að birkifrjókorn hafi fyrst fundist í frjógildru 11. júní og náði fjöldi þeirra hámarki 26. júní. Síðan þá hefur fjöldi þeirra dalað mikið og lýkur frjótíma birkis væntanlega í byrjun júlí. Frjótalan fór aldrei yfir 100 frjó/m^3 en tvisvar yfir 50. Heildarfrjótala birkis var 411 frjó/m^3 sem er vel undir meðaltali, annað árið í röð.

Aðalfrjótíminn framundan

Grasfrjókorn mældust fyrst 18. júní og hefur þeim fjölgað jafnt og þétt. Frjótalan fór hæst í 48 þann 30. júní. Heildarfrjótala grass í júní er 187 frjó/m^3 sem er minna en í fyrra en þá blómstraði grasið óvenju snemma. Aðalfrjótíminn sé því framundan, núna í júlí og ágúst.

Loka glugganum

Frjókorn eru helst í lofti þegar veður er hlýtt, þurrt og einhver gola. Þá ættu þeir sem eru haldnir ofnæmi að vera á verði, sérstaklega nálægt óslegnu grasi. Einnig er gott að hafa í huga að þurrka ekki þvott úti þegar mest hætta er á frjókornum og sofa við lokaðan glugga.

Sé gras slegið áður en það blómgast myndist ekki frjó. Fari frjótölur grass yfir 10-20 frjó/m^3 á einum degi megi búast við að ofnæmiseinkenna verði vart en það sé þó einstasklingsbundið hversu næmt fólk er, segir í frétt Náttúrufræðistofnunar.

Ræða við þingnefnd vegna 300 starfa:

Skorað á Actavis

Bæjarráð Hafnarfjarðar „skorar á stjórnendur Actavis að leita allra leiða til að viðhalda öflugri starfsemi í Hafnarfirði og að allir möguleikar verði skoðaðir á því að ný verkefni komi í stað þeirra sem ákveðið hefur verið að flytja úr landi.“ Áskorunin var samþykkt á fundi ráðsins á dögunum þar sem fulltrúar frá Actavis höfðu gert grein fyrir yfirvofandi breytingum á starfsemi fyrirtækisins hérlendis. 300 störf við lyfjaframleiðslu yrðu flutt úr landi en Actavis myndi enn hafa hér ýmsa aðra starfsemi. „Starfsemi Actavis er snar þáttur í fjölbreyttu atvinnu lífi Hafnarfjarðar og fyrirhugaður samdráttur rekstrarins því áfall,“ segir jafnframt í áskorun bæjarráðsins

Robert Steward, yfirmaður samheitalyfjasviðs og alþjóðaframleiðslu hjá Allergan, móðurfélagi Actavis, tilkynnti á dögunum að eftir tvö ár yrði lyfjaframleiðsu Actavis hérlendis hætt. Framleiðslan hér væri ekki nógu hagkvæm, sagði hann við starfsmenn og fjölmiðla.

Hlín Guðjónsdóttir, trúnaðarmaður VR starfsfólks hjá fyrirtækinu sagði í viðtali við fréttastofu Stöðvar tvö að þetta væri áfall fyrir starfsmenn.

Þegar áskorunin í bæjarráði var samþykkt var jafnframt ákveðið að óska eftir fundi með atvinnuveganefnd Alþingis vegna framtíðarþróunar atvinnumála í Hafnarfirði.

Skjótt skipast veður

Ekki er lengra síðan en í október 2010 að greint var frá því að það ár væri besta rekstrarár í sögu fyrirtækisins. Þáverandi forstjóri fyrirtækisins sagði þá í fréttum að til stæði að bæta við 60-100 starfsmönnum hjá fyrirtækinu.

„Þetta ár hefur gengið mjög vel. Við fjölguðum starfsmönnum um um það bil 10% á þessu ári þegar við jukum framleiðslugetuna hérna. Við erum að fara að ráða 60-100 manns í viðbót, ” sagði Claudio Albrecht, sem þá stýrði fyrirtækinu í fréttum Stöðvar 2.

Þá var jafnframt greint frá því að fyrir utan flutning fimmtán starfsmanna til Sviss, yrði óbreytt starfsemi hérlendis. „Þetta er íslenskt fyrirtæki og við verðum áfram á Íslandi, ” sagði Albrecht. Og bætti við: „Þetta er besta árið hingað til og við vonum að við munum vaxa jafnvel enn meira á næstu árum. Við höfum miklar væntingar núna.“

Engar formlegar viðræður við starfsemenn í álverinu:

Stefnir í yfirvinnubann og verkfall

Ekkert hefur þokast í viðræðum Samninganefnda Rio Tinto Alcan og SA við samninganefnd starfsmanna hjá álverinu. Viðræðum var slitið af hinum fyrrnefndu rétt fyrir síðustu mánaðamót. Samkvæmt upplýsingum frá Verkalýðsfélaginu Hlíf í Hafnarfirði hefur engin þróun orðið síðan.

29. júní var síðast haldinn samningafundur hjá Ríkissáttasemjara. Fram kemur á heimasíðu Hlífar að þá hafi atvinnurekendur slitið viðræðum.

„Á fundinum slitu viðsemjendur okkar, ISAL og SA, viðræðum við samninganefnd starfsmanna. Ekki stendur starfsmönnum ISAL til boða að fá sambærilegar launahækkanir og almennur vinnumarkaður hefur samið um að undanförnu. Ljóst er að Samtök atvinnulífsins sem og fyrirtækið mun þar af leiðandi ýta málinu í enn meiri hörku,“ segir þar.

Starfsmenn í álverinu hafa boðað yfirvinnubann frá 1. ábúst og ótímabundið verkfall frá 1. september, takist samningar ekki.

Á heimasíðu Hlífar er einnig bent á fyrirhugaðar aðgerðir starfsemanna. „Ljóst er að félagsmenn allra verkalýðsfélaganna hafa samþykkt að hefja vinnustöðvunarferli þann 1. ágúst næstkomandi en þá hefst yfirvinnubann starfsmanna. Átökin munu aukast þann 1. september næstkomandi þegar ótímabundið verkfall hefst.“

Harðorð bókun fulltrúa í Hafnarstjórn:

Vanþekking og fjandskapur

Við undirritaðir hörmum þau vinnubrögð sem mótast af fyrirfram gefnum lausnum sem unnin eru af mikilli vanþekkingu og beinum fjandskap við stjórnendur og starfsfólk Hafnarfjarðarhafnar sem unnið hafa af mikilli samviskusemi við erfitt restrarumhverfi í framhaldi efnahagsþrengina sem bitnuðu harkalega á hafnarsjóði eins og öðrum rekstri í landinu. Nú þegar horfir til jákvæðs árangurs stjórnslýslu hafnarinnar er vegið að starfsemi hafnarinnar og stjórnendum og starfsfólki,“ segja þeir Gylfi Ingvarsson og Sigurbergur Árnason, fulltrúar Samfylkingarinnar og VG í Hafnarstjórn Hafnarfjarðar í bókun á fundi stjórnarinnar í vikunni.

Hafnarstjóri skoði málið

Tilefni þessa eru tillögur um breytingar á rekstrarfyrirkomulegi hafnarinnar, í tengslum við umfangsmiklar breytingar á stjórnsýslu og rekstri bæjarins sem keyrðar voru í gegnum bæjarstjórn á dögunum og hafa valdið miklum deilum sem ekki hafa farið framhjá neinum sem fylgst hafa með fréttum. Í tillögunum er meðal annras fólgið að færa höfnina undir bæjarstjóra.

Á fundi Hafnarstjórnarinnar var samþykkt að hafnarstjóri færi yfir tillögurnar, sem koma frá Capacent, og skili Hafnarstjórninn síðan áliti.

Engin framtíðarsýn

Nýlega var samþykkt af meirihluta bæjarstjórnar að taka rekstur Hafnarfjarðarhafnar til endurskoðuna tíu ár aftur í tímann. Það gagnrýndu bæjarfulltrúar minnihlutans harðlega. Í bókun Gylfa og Sigurbergs í Hafnarstjórninni eru jafnframt gerðar ítarlegar athugasemdir við úttektina, í einum sjö tölusettum liðum, sem sem meðal annars er bent á að í umfjöllun um afkomu hafnarsjóðs séu ekki allar tekjur taldar með, þá sé hvergi í plagginu að finna nokkra einustu framtíðarsýn, „og skautað yfir þá staðreynd að höfnin er lífæð Hafnarfjarðar til langrar framtíðar og gríðarlegir möguleikar fólgnir í tilvist hennar fyrir Hafnarfjörð sem hefur mikla yfirburði á höfuðborgarsvæðinu hvað varðar möguleika á uppbyggingu á iðnaði og annari atvinnustarfsemi,“ segir einnig í bókuninni.

Horft í átt að Völlunum frá Krýsuvíkurvegi. Samkomulag um Suðvesturlínu var undirritað milli Hafnarfjarðar og Landsnets í gær. Fjarðarpósturinn greindi frá því að Hamraneslínur yrðu fjarlægðar fyrir árslok 2018 og Ísallínunni breytt.

S-26

Einstakt á Íslandi

10 ára ábyrgð

Þegar hefðbundin málning er ekki að duga

þá er S-26 kerfið lausnin

Þetta hús stendur
við Tálknafjörð
um 300 m frá ströndinni.
Þrátt fyrir mikið veðurálag,
særok og sandrok
þá sér ekki á málningunni
í dag - 6 árum síðar.
Raki hvarf alveg úr húsinu
á nokkrum vikum.

Máluð var prufa af
S-26/Malis kerfinu
á BYKO-vegginn
árið 2008.
Tveimur og hálfu
ári síðar var veggurinn
háþrýstiþveginn
en prufan haggaðist ekki.

S-26 10 ára ábyrgð ÚTIMÁLNING - í eitt skipti fyrir öll

TEKNOS WOODEX

malis.is - vörn til frambúðar

MÁLNINGARVERSLUN ÍSLANDS

Vatnagarðar 16 - 104 Reykjavík - Sími 415 0060 - malis@malis.is

ARGUS 04-0092

Fallegar, gróskumiklar plöntur

Tré, sumarblóm, skrautrunnar, berjarunnar, limgerðisplöntur, rósir, fjölærar plöntur, grænmetisplöntur og kryddjurtir.

Mikið úrval af hengiplöntum.

Fagleg ráðgjöf um val á plöntum!

Annað nauðsynlegt í garðinn

Hengikörfur, ker, pottar, mold, áburður, smáverkfæri o.fl.

GRÓÐRARSTÖÐIN STORÐ

Dalvegi 30 - Kópavogur - Sími 564 4383 - stord@stord.is

Hafnarfjörður í hnotskurn

Fyrir rúmu ári síðan tóku undirrituð sæti í bæjarstjórn Hafnarfjarðar og mynduðu þar meirihluta með flokki sem setið hafði í minnihluta í þrjú kjörtímabil. Kjósendur gerðu skýra kröfu um breytingar í stjórnun Hafnarfjarðarbæjar og við þeirri kröfu ætlum við að verða.

Forsenda fyrir breytingum er haldbær greining á núverandi ástandi. Þekking á stöðunni er grundvöllur til ákvarðanatöku og hefur Björt framtíð lagt áherslu á það í allri aðkomu að bæjarmálunum frá fyrsta degi. Fyrsta starfsárið okkar hefur enda einkennst af úttektum og greiningum af ýmsu tagi, til að undirbyggja starfið framundan.

Í lok júní var úttekt á rekstri og stjórnsýslu Hafnarfjarðar gerð opinber á vef bæjarins. Þessi greining er afar ítarleg og birt í anda opinnar stjórnsýslu til þess að auðvelda íbúum aðgengi að upplýsingum um starfsemina og reksturinn. Fyrir okkur sem nýja bæjarfulltrúa er þessi greining dýrmætt veganesti, nokkurs konar notendahandbók, en hún er ekki síður upplýsandi fyrir almenning í bænum. Í okkar huga ætti bærinn ekki einhverjir „þeir“, bærin erum við öll, íbúarnir, og rekstur hans okkar sameiginlega heimilisbókhald. Við munum því áfram beita okkur fyrir opinni stjórnsýslu, svo fólk geti sett sig inn í málin og komið sínum sjónarmiðum að á grunni haldbærra upplýsinga.

Greiningunni fylgja tillögur skýrsluhöfunda, sem lúta að því að auka svigrúm í rekstri bæjarins. Ef farið yrði að þeim öllum er það mat höfunda að hægt væri að auka svigrúm í rekstrinum sem nemur 900 milljónum, sem er upp undir 5% af heildarumfangi. Framundan er hins vegar úrvinnsla þessara tillagna, með aðkomu bæjarstjórnar, starfsfólks og íbúa í bænum og litlar líkur á því að allt verði gert sem þarna er lagt til. Við verðum hins vegar að setja markið á niðurstöðu að andvirði 5-600 milljóna á ársgrundvelli, ef okkur á að takast að snúa vörn í sókn í rekstri bæjarins. Breytingar á stjórnskipulagi sem samþykktar voru í bæjarstjórn í júní mörkuðu upphaf þessa ferlis, sem mun svo halda áfram af fullum krafti í haust.

Höfnin og íþróttirnar

Auk heildstæðrar greiningar á starfsemi Hafnarfjarðarbæjar kom nýverið út sérstök úttekt á rekstri, fjármálum og stjórnsýslu Hafnarfjarðarhafnar, sem einnig má sjá á vef bæjarins. Sú greining verður nýtt til grundvallar stefnumótunar í starfsemi og rekstri hafnarinnar sem nú er í undirbúningi, sem er brýnt og jákvætt verkefni.

Samantekt á fjárhagslegum samskiptum bæjarins við íþróttafélög, uppbyggingu og rekstri íþróttamannvirkja og niðurgreiðslukerfi til bæjarbúa vegna tómstundavirkni barna hefur jafnframt litið dagsins ljós og verið birt. Þverpólitískur vilji er til að breyta formi og framkvæmd styrkja til tómstundastarfs og mun greiningin koma í góðar þarfir við þá vinnu. Við hvetjum bæjarbúa eindregið til að kynna sér málin og koma skoðunum sínum á framfæri til kjörinna fulltrúa og starfsfólks bæjarins þegar nýtt fyrirkomulag verður mótað. Efling tómstundastarfs barna er þarft lýðheilsuverkefni og mikils um vert að þeir fjármunir sem við höfum til skiptanna nýtist sem allra best í allra þágu.

Endurskoðun á fyrirkomulagi tómstunda- og frístundastarfs skólanna hefur staðið yfir síðustu mánuðina. Markmið þeirrar vinnu er að samþætta eins vel og hægt er skóladag barna og tómstundaiðju, gera daginn fjölskylduvænni. Hluti af þessu verkefni er endurskoðun á gjaldskrá með það að markmiði að gera fjölskyldum þessa þjónustu eins aðgengilega og hægt er.

Bæjarlandið, hvar búum við og hvað erum við að gera?

Á vettvangi skipulags- og byggingarráðs er verið að vinna greiningu á bæjarlandinu öllu, undir formerkjum þéttingar byggðar. Sú samantekt verður gríðargott verkfæri inn í framtíðarstarf og stefnumótun, enda tekur hún bæði til uppbyggingar byggðar, nýtingar lands, samsetningar íbúa, atvinnuhúsnæðis og staðsetningu vinnustaða eftir hverfum.

Framundan er síðan greining og endurskoðun á félagslegu húsnæði á vegum bæjarins, en ljóst er að framboð félagslegs húsnæðis er ekki í nægu samræmi við þarfir. Mest þörf er á smæstu tegundum íbúða, en mest er til af meðalstórum. Brýnt er að ná betra samræmi á þessu sviði, þannig mun þessi félagslegi stuðningur nýtast sem best.



Höfundar eru:
Guðlaug Kristjánsdóttir og Einar Birkir Einarsson, bæjarfulltrúar Bjartrar framtíðar í Hafnarfirði

Byggjum á gögnum og tölum saman

Björt framtíð í Hafnarfirði leggur áherslur á mikilvægi þess að fá fram staðreyndir og meta niðurstöður greininga á hlutlægan hátt. Það kallar á kjark að horfast í augu við stöðuna eins og hún er og nota þá þekkingu til að finna leiðir til úrbóta.

Í slíkri vinnu getur þurft að taka erfiðar ákvarðanir. Við erum reiðubúin til þess og höfum að leiðarljósi að taka ábyrgar ákvarðanir á grundvelli gagna og standa við þær. Með því viljum við leggja okkar af mörkum til að gera góðan bæ betri og erum þess fullviss að með bjartsýnina að vopni séu okkur allir vegir færir.

Leiðari

Á Hafnarfjörður engan vin?

Það virðist ekki blása byrlega fyrir Hafnarfirði þessi misserin. Það er eins og hvert áfallið á fætur öðru dynji yfir bæjarfélagið, sem fyrir er eitt hið skuldsettasta í landinu.

Nýlega var tilkynnt um að lyfjaframleiðslufyrirtæki sem einu sinni var íslenskt ætlaði að draga svo saman seglin að 300 störf hverfa úr landi. Stálskip lögðu niður útgerð og megnið af kvóta og heill togari hurfu úr bænum í svip. Ein fjölskylda græðir en samfélagið tapar. Sjávarútvegsráðherrann vildi ekki virða anda laga í því máli um forkaupsrétt bæjarfélagsins, en tók að auki, án umræðu og samráðs, ákvörðun um að loka stórum vinnustað hér í bænum, Fiskistofu, og flytja norður í land með manni og mús. Á endanum var bakkað út úr því, en það gerðist ekki baráttulaust.

Þetta er greinilega í tísku hjá hinni hægri sinnuðu ríkisstjórn því menntamálaráðherrann fylgir því fordæmi að umræða og samráð séu óþörf. Hann ákvað að gefa Iðnskólann í Hafnarfirði til hins einkarekna Tækniskóla í Reykjavík og senda hátt í 700 milljónir króna af skattfé í þessa stofnun sem LÍÚ eða arftakar þess félagsskapar hafa mest um að segja. Ekki er enn kominn fullur botn í hvort til standi að Hafnfirðingar eigi að borga með þessari einkavæðingu, vel á hálfan milljarð króna næstu árin auk því sem óvíst er um þetta skólastarf í bænum í framtíðinni. Enn má minna á starfsemi sýslumannsembættið hér í bæ eða tómt húsnæði St. Jósefsspítala.

Við aðstæðum sem þessum er aðeins eitt svar. Að standa saman!

Þess vegna er svo grátlegt að horfa upp á meirihluta Sjálfstæðisflokksins og Bjartrar framtíðar ganga fram í sama stíl og hér hefur verið rakið. Að taka gerræðislegar og afdrifaríkar ákvarðanir án umræðu og samráðs, rétt eins og skoðanabræðurnir í ríkisstjórninni. Ekki aðeins er það valdníðsla sem fólgin er í þeirri aðferð að keyra í gegn umdeilt mál um breytingar á stjórnskipan bæjarins með engum fyrirvara. Afleiðingarnar eru líka að fólk missir vinnuna.

Hver verða næstu skref? Á að selja frá sér drykkjarvatnið eins og þeir gerðu snillingarnir í Keflavík? Og eru þeir samt á hausnum.

Blessunarlega þá er ekki allt á niðurleið eða að hrynja ofan í svartnættið. Svo vill til að hér í bænum er blómleg atvinnustarfsemi í ýmsum greinum. Auk þess hafa ýmis stórfyrirtæki valið sér stað í bænum með miklum umsvifum. Valitor og Icelandair mætti nefna. Ferðamenn streyma hingað til lands. Ekki vantar tækifærin.

Mestu máli skiptir að hér skortir fólk hvorki áræðni, þor né frumkvæði. Það er sjaldan mikilvægara en þegar aðrir bregðast.

Ingimar Karl Helgason

HAFNARFJÖRÐUR / GARÐABÆR
13. TBL. 5. ÁRGANGUR 2015

ÚTGEFANDI: Fótspor ehf. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. **Framkvæmdastjóri:** Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is. **Auglýsingastjóri:** Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is, **Veffang:** fotspor.is, **Ritstjóri:** Ingimar Karl Helgason, sími: 659-3442 netfang: ingimarkarlhelgason@gmail.com, **Umbrot:** Prentsnið, **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja, 13.500 eintök. **Dreifing:** Póstdreifing.

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í **13.500** EINTÖKUM
Í ALLAR ÍBÚÐIR Í HAFNARFIRÐI / GARÐABÆ

Þakkir til landsmanna

Fallegur dagur og fallegur fundur“, sagði maður við mig þegar hátíðarfundi til að fagna aldarafmæli kosningaréttar kvenna lauk á Austurvelli þann 19. júní síðastliðinn. Það voru sannarlega orð að sönnu. Ég vil hér með þakka þeim fjölmörgu sem áttu þátt í að skapa þá einstöku hátíðarstemmningu sem myndaðist við Alþingishúsið þessa stund. Ég þakka líka þeim þúsundum Íslendinga sem stóðu þétt saman á Austurvelli til að minnast þessara merku tímamóta í sögu þjóðar, tímamóta sem færðu okkur stóru skrefi nær lýðræði. Það var ekki hvað síst mannfjöldinn og hinn hátíðlegi bragur yfir fólkinu sem skapaði gleði í hjarta og von í brjósti. Allur dagurinn með sínum ótal viðburðum var ein allsherjar veisla. Hafi allir kæra þökk sem að þeim stóðu.

En Reykvíkingar voru ekki einir um að skapa hátíð þennan dag. Víða voru haldnir góðir fundir þótt minna hafi farið fyrir þeim í fjölmiðlum. Framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna hlúði að mörgum þeirra með fjárframlagi. Allt frá Reykjanesbæ til Reyðarfjarðar, frá Dalvík til Vestmannaeyja og frá Ísafirði til Hafnar í Hornafirði kom fólk saman til þess að halda upp á daginn og minnast baráttunnar fyrir lýðræði. Lýðræði er nefnilega ekki sjálfsagt í þessum heimi. Það er fjöregg sem okkur ber að sýna virðingu og hlúa að með öllum ráðum og dáð. Þetta afmælisár gefur okkur tækifæri til að minna okkur rækilega á það. Við erum t.d. minnt á, að árið 1915 fengu einnig vinnumenn til sveita kosningarétt, 40 ára og eldri, og sömuleiðis þeir karlmenn sem ekki gátu greitt 4 krónur í útsvar, en það var áður skilyrði fyrir kosningarétti. Þetta var ekki stór hópur karlmanna, en ástæðulaust að minnast hans ekki. Einnig erum við minnt á, að það var ekki fyrr en árið 1984 sem afnumið var ákvæði um að lögræðissviptingu fylgdi missir kosningaréttar. Lögræðissviptingu er t.d. geðsjúkir stundum beittir til þess að unnt sé að veita nauðsynlega læknishjálp. Sömuleiðis þarf stundum að beita þessu úrræði varðandi fólk með þroskaskerðingar. Það má vel ímynda sér hversu hart það hefur verið að missa kosningarétt vegna veikinda eða aðstæðna sem enginn ræður.

Yfir sumartímann er lítið um fundi en þeim mun fleiri sýningar eru helgaðar kosningaréttinum og styrktar af framkvæmdanefnd. Í Reykjavík eru sérstakar sýningar í Þjóðminjasafni og Landsbókasafni, Borgarskjalasafni og Sjóminjasafni, í Árbæjarsafni og á Kjarvalsstöðum. Á Eyjafjarðarsvæðinu eru mörg söfn með sýningar, í Borgarnesi er sýning í Safnahúsinu, sömuleiðis í Snæfellsbæ og á Dalvík, svo dæmi séu nefnd. Á heimasíðu framkvæmdanefndar, www.kosningarettur100ara.is, má finna viðburði í sérstöku dagatali. Hvet ég hér með fólk til þess að kynna sér dagatalið og finna viðburði í heimabyggð og þar sem leið liggur í sumar.

Þeir sem eru í Reykjavík eða koma til Reykjavíkur geta brugðið sér í skoðunarferð um Alþingishúsið á þriðjudögum og fimmtudögum í júlí og ágúst og m.a. séð þar sýningu helgaða aldarafmæli kosningaréttar kvenna. Leiðsögnin er ókeypis en panta þarf fyrir fram í síma 563 0500 eða senda póst á netfangið heimsoknir@althingi.is.

Við njótum þess allt þetta ár að sjá hina stórgóðu þætti „Öldin hennar“ á RÚV. Þessir örþættir hafa sannarlega gert mikið gagn í að vekja athygli á afmælisárinu, rifja upp atburði úr sögunni og vekja umræður um stöðu kvenna í dag. Þakkir til framleiðenda þeirra.

Ríkisútvarpið sendir út nýja þætti um kvennabaráttuna í söngvum á sunnudögum kl. 13. Una Margrét Jónsdóttir hefur þar m.a. safnað saman, fundið og/eða látið syngja íslenska kvennabaráttusöngva, og suma þeirra heyrum við í fyrsta sinn. Sannarlega áhugaverðir þættir.

Höfundur er Auður Styrkársdóttir, formaður framkvæmdanefndar um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna

Starfsmenn Árnastofnunar setja saman pistla er tengjast kvenþjóðinni á einn eða annan hátt á heimasíðu stofnunarinnar allt árið. Hér má lesa þennan fróðleik: http: //www. arnastofnun.is/page/aldarafmaeli

Með haustinu fara ýmsir viðburðir af stað sem gaman verður að fylgjast með. Þannig verður í lok ágúst frumsýnt nýtt dansverk sem helgað er minningu Bríetar Bjarnhéðinsdóttur. Höfundur þess er Anna Kolfinna Kuran, afkomandi Bríetar. Listasafn Íslands opnar 12. september sýningu á verkum Nínu Tryggvadóttur, brautryðjanda í íslenskri myndlist. Alþjóðráðstefnan „Borgaraleg réttindi kvenna í 100 ár“ verður haldin dagana 22. -23. október í Hörpu. Þar munu m.a. Vigdís Finnbogadóttir og Gro Harlem Brundtland miðla af reynslu sinni, önnur sem fyrsti kvenforseti Íslands, 1980-1994 og hin sem fyrsti kvenforsætisráðherra í Noregi, á árunum 1981-1996. Ráðstefnan er opin öllum og enginn aðgangseyrir. Nauðsynlegt er að skrá sig til þess að auðvelda skipulag. Dagskrá og nánari upplýsingar má finna hér: http: //kosningarettur100ara.is/conference/is/

Ég þakka öllum landsmönnum gleðileg hátíðahöld það sem af er ári með von um áframhaldandi fróðleik og skemmtan út aldarafmælisárið.

GÓÐUR Á MORGNANA
ÖFLUGUR Á KVÖLDIN
Helluhraun 1
Hafnarfirði
www.jolli.is
jolli
PÍTA
MEÐ BUFFI
OG COKE
KR.149
7
PYLS
PRINS
OG CO
KR.3995
5
RISTUÐ
SAMLOKA
FRANSKAR
OG COKE
KR.1245
4
OST
BORGARI
FRANSKAR
OG COKE
KR.1395
1
BACON
BORGARI
FRANSKAR
OG COKE
KR.1495
2
KJÚKLINGA
BORGARI
FRANSKAR
OG COKE
KR.1495
3

BÆJARBÚINN YFIRHEYRSLA

Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir:

Myndlistin, hestarnir og pólitíkin og samfélagsmálin

Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir tók nýlega við sem aðalfulltrúi Vinstri grænna í bæjarstjórn Hafnarfjarðar, eftir að Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir óskaði eftir lausn. Hún ætlaði að verða bóndi þegar hún yrði stór, síðar vildi hún verða myndlistarmaður. Núna er hún hið síðara en jafnframt lögfræðingur og nú bæjarfulltrúi. Framundan gæti við ferill í konstrabassaleik. Elva Dögg á þrjú börn með manni sínum Ragnari Kristjánssyni, rafmagnsverkfræðingi og lektor við Háskólann í Reykjavík. Elva Dögg man líklega fyrst eftir sér í Hafnarfirðinum en hingað fluttist hún fimm ára gömul. Hestar og hestamennska eru mikilvægt áhugamál. Í hesthúsunum „er einhver annar tími og annað tempó," segir Elva Dögg. Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir er í yfirheyrslunni að þessu sinni.

Hefurðu búið erlendis?
Já ég bjó sex ár í Danmörku á stór Kaupmannahafnarsvæðinu árunum 1995-2001 þá var Ragnar í framhaldsnámi

Ef já hvernig er ísland í samanburðinum?
Það sem ég lærði helst er að Ísland er bara ágætt í samanburði við Danmörku og það sem ég græddi helst á því að hafa búið í öðru landi er að það er ekkert allt betra í útlöndum heldur en hérna heima, ekki þegar maður býr þar og þarf að sinna öllum daglegu verkefnunum, þessu daglega amstri. Það kom mér líka á óvart að fólk er ekkert mikið öðruvísi annarsstaðar svona í grunninn við erum ansi lík sama hvar við búum.

Hver er stærsti sigur þinn?
Svona persónulega var það stærsti sigur minn að trúa því í alvöru að ég væri alveg nógu góð og að ég gæti (næstum) allt.

Hver eru þín helstu áhugamál?
Myndlistin, hestarnir og pólitíkin og samfélagsmálin

Hver er þinn helsti kostur?
Mjög sterk réttlætiskennd, ósérhlífni

En galli?
Mér var úthlutað aðeins of miklu skapi sem ég hef eytt í ómældum tíma og erfiði við að temja (reyndar kemur það sér vel stundum að geta hleypt úr skapvonskuskjóðunni í smá skömmtum svona þegar mikið liggur við)

Hver er fallegasti staðurinn á Íslandi?
Mér finnst Ísland allt afar fagurt en ætli Vestfirðir séu ekki fallegastir, þar endar fjölskyldan oftast þó svo stefnan hafi verið tekin annað

En í Hafnarfirði?
Austurgatan og Hellisgerði

Eftirlætis íþróttafélag?
Hestamannafélagið Sörli (eina íþróttafélagið sem ég hef gengið til liðs við)

Hvað áttu marga „vini" á Facebook?
333

Uppáhaldsmatur og drykkur?
Lambalæri eins og pabbi eldar það og soðin ýsa og svo blessað Kaffið sem er tvímælalaust í mestu uppáhaldi með súkkulaðimola.

Uppáhaldstónlistarmaður eða tónlistarstefna?
/ Uppáhaldslag/plata?
Megas er alltaf innan seilingar svo hef ég verið að hlusta mikið á Jamiroquai.

Hvaða bók, lag eða listaverk hefur haft mest áhrif á þig og hvers vegna?
Það eru svo mörg verk sem bæði myndlist og bækur sem hafa haft mikil áhrif á mig, það sem kannski hafði mest áhrif eru bækur eins og skræpótti fuglinn (Jerzy Kosinsky) og ilmurinn og svo á ég mér uppáhalds listakonu Niki saint phalle

Hvert sækirðu afþreyingu?
Sjónvarp, útvarp, bók eða net?
Að fara á hestbak eða bara vera í hesthúsinu er a afþreying sem ég get hugsað mér, því þar er einhver annar tími og annað tempó. Þegar hestarnir eru ekki á húsi horfi ég á sjónvarp, góða mynd eða les krimma.

Hvað vildirðu verða þegar þú yrðir stór?
Bóndi framanaf en svo breyttist það í myndlistarkonu sem ég er nú í hjáverkum og ætla að vera fultime í ellinni. (þessvegna get ég ekki beðið eftir að verða ellilífeyrisþegi)

Hvert var fyrsta starfið, og hvað hefurðu tekið þér fyrir hendur fram að þessu?
Barnfóstra í sveit þá var ég 12 ára og eina leiðin fyrir stúlku að komast í sveit var að ráða sig sem barnfóstru. Síðan þá hef ég unnið ótalmörg og margbreytileg störf í fiskvinnslu verið hafnarverkamaður unnið á leikskóla, skóladagheimili unnið á kaffihúsum, börum, sjoppum hjá sérstöku saksóknara og sjálfstætt starfandi lögmaður og núna vinn ég hjá Samkeppniseftirlitinu.

Ef þú værir ekki á fullu í pólitík, hvað tækirðu þér fyrir hendur?
Ég myndi sinna myndlistinni meira fara oftar á myndlistarsýningar, lesa meira og læra á Kontrabassa (mig dreymir um að spila í hljómsveit á bassa)

Hvað kom til að þú ákvaðst að hella þér út í bæjarpólitíkina?
Ég fékk símtal frá góðum manni og lét slag standa. Enda alin upp á heimili þar sem pólitík og málefni líðandi stundar voru rædd og alls ekki allir alltaf sammála og sjálf hef ég alltaf haft áhuga samfélagslegum málefnum

Var aðdragandi að því?
Nei eiginlega ekki

Áttu þér fyrirmynd í leik eða starfi?
Já margar, Mamma og pabbi eru mér fyrirmynd í mjög mörgu. Ég er mjög hrifin af Katrínu Jakobsdóttur, hún er flott fyrirmynd í pólitíkinni og svo hrífst ég almennt af fólki sem framkvæmir eitthvað af ástríðu og fyrir málstaðinn og lætur ekkert trufla sig í að reyna að gera heiminn að betri stað til að búa á, fyrir alla.

Hvernig gengur að vera bæjarfulltrúi og fást jafnframt við annað?
Ég verð að segja að það er erfitt að samræma þetta tvennt. Ég vil helst eins og vonandi allir gera það sem ég tek mér fyrir hendur mjög vel og vera vel að mér í því sem tengist verkefnum sem ég hef tekið að mér, það getur verið erfitt með fullri vinnu. Í augnablikinu velti ég því fyrir mér hvort þetta þyrfti kannski að vera einhvern veginn öðruvísi en það er í dag.

Hvað er að þínu mati mikilvægast fyrir Hafnarfjörðinn?
Að passað sé að halda vel utan um bæjarbúa, að bjóða Hafnfirðingum upp á þjónustu, góða leikskóla, góða grunnskóla og gott félagslegt kerfi þannig

að okkur geti öllum liðið vel í bænum okkar. Þannig að það veri eftirsóknarvert að búa hér.

Að því sögðu, hvað mætti gera betur í Hafnarfirðinum?
Það er margt sem betur má fara í Hafnarfirði en það sem ég tel brýnast er að færa ýmislegt til fyrra horfs. Þá meina ég það þarf að passa að það sem skorið var niður í hruni fái aftur fyrra svigrúm t.d. skólarnir og leikskólar það var öllum gert að spara og spara alveg að þolmörkum eftir hrunið. Það þarf að færa hlutina aftur í fyrra horf. Svo vantar okkur átakanlega fleiri félagslegar íbúðir í Hafnarfirði.

Hvaða stundir í lífinu eru gleðilegastar?
Þegar stórfjölskyldan er öll samankomin í hesthúsinu, fer á bak og borðar saman á hesthúsloftinu. Líka að vesenast með pulsuhundana Palómu og Kleópötru

En á hinn veginn?
Leiðinlegast er þegar ég hef ekki tíma til að sinna því sem ég hef tekið að mér eins vel og ég vil ....

Hvað er svo framundan hjá þér?
Halda áfram að gera skemmtilegt og njóta þess vera til á meðan það er í boði.

Lífsmottó:
Að muna að njóta þess sem er í dag og breyta því sem ég get til hins betra.

BÍLASPRAUTUN ÍSLANDS

BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
VINNUM FYRIR ÖLL TRYGGINGARFÉLÖG

Lyngási 12 | 210 Garðabæ | sími 534 2000 | www.bspr.is

30% VILDARAFSLÁTTUR AF ÖLLUM FERÐATÖSKUM

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Afsláttarverð gildir frá 8. júlí, til og með 11. júlí. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Nýtt svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins til 2040 tekur gildi:

Reiknað með tugþúsunda fjölgun

Nýtt svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040, hefur verið samþykkt í öllum sveitarstjórnum og staðfest af Skipulagsstofnun. Með nýju svæðisskipulagi tekur jafnframt ný vatnsverndarsamþykkt gildi með breyttri skilgreiningu vatnsverndarsvæða. Forsvarsmenn bæjarfélaganna staðfestu þetta með undirskriftum sínum á dögunum.

Forystumenn bæjarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu ásamt umhverfisráðherra framan við Höfða í Reykjavík, eftir að skrifað var undir skipulagið.

Nýtt samgöngukerfi

Stefnan sem gengur undir heitinu Höfuðborgarsvæðið 2040 er sameiginleg stefna sveitarfélaganna Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kjósarhrepps, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar um náið samstarf, skipulagsmál og hagkvæman vöxt svæðisins næsta aldarfjórðunginn. Í kynningu segir að enda sé höfuðborgarsvæðið eitt búsetusvæði, einn atvinnu- og húsnæðismarkaður með sameiginleg grunnkerfi, útivistarsvæði, auðlindir og náttúru. „Hryggjarstykkið í stefnunni er Borgarlína, nýtt hágæða almenningssamgöngukerfi sem tengir kjarna sveitarfélaganna og flytur farþega með skjótum og öruggum hætti um höfuðborgarsvæðið," segir í kynningunni.

Borið saman við „bestu borgir"

Þar er bent að hérlendis sé aðeins eitt borgarsvæði og sem slíkt gegni höfuðborgarsvæðið veigamiklu hlutverki fyrir allt landið sem miðstöð stjórnsýslu, menntunar og menningar. „Í nútímasamfélagi, þar sem fólk, fyrirtæki og fjármagn eru hreyfanleg, hafa öflug borgarsvæði sífellt meira vægi sem drifkraftur nýsköpunar og nýrra tækifæra. Það er lykilatriði í samkeppnisstöðu landsins að höfuðborgarsvæðið þróist í nútímalegt borgarsamfélag með alþjóðlegu yfirbragði þar sem lífskjör og tækifæri verði sambærileg við bestu borgir," segir þar jafnframt.

Í kynningunni á nýja skipulaginu er bent á að höfuðborgarsvæðið hafi byggst upp ört og að byggðin liggi um óvenju stórt svæði. Í skipulagsgögnunum er gert ráð fyrir að íbúum haldi áfram að fjölga. Gangi spár eftir fari íbúar höfuðborgarsvæðisins að nálgast 300 þúsund. Samkvæmt tölum Hagstofunnar búa nú rétt innan við 210 þúsund manns á Höfuðborgarsvæðinu, en spáð er um 70 þúsund manna íbúafjölgun á tímabilinu.

Árið 1998 voru íbúar höfuðborgarsvæðisins um 164 þúsund, samkvæmt tölum Hagstofunnar, og hefur fjölgað um hátt í 50 þúsund á rúmum einum og hálfum áratug.

Bílum fjölgi minna

„Með auknum vexti blasa við flóknar áskoranir, fyrirséðar og ófyrirséðar, sem íbúar svæðisins standa frammi fyrir og er stefnan Höfuðborgarsvæðið 2040 mótuð til að leiðbeina við úrlausn þeirra. Lykilatriði í stefnunni er að sá vöxtur verði hagkvæmur og ekki verði gengið á umhverfisgæði þeirra sem þar búa fyrir. Það er því nauðsynlegt að fyrirsjáanlegri fólksfjölgun verði mætt án þess að bílaumferð aukist í sama hlutfalli og án þess að óbyggt land verði brotið í sama mæli og gert var síðustu áratugi," segir í kynningu á skipulaginu.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa sameinast um sýn til næstu áratuga, þar sem meðal annars á að þétta byggð auk þess sem áhersla verður á að bæta almenningssamgöngur.

„Borgarlínan"

Í kynningu skipulagsins er rætt um borgarlínuna, sem verði léttlestarleða hraðvagnakerfi sem flytji fólk um höfuðborgarsvæðið „með skjótum og öruggum hætti". Það verði burðartenging milli sveitarfélaganna. „Borgarlínan verður því raunhæfur valkostur í samgöngum og mun gegna lykilhlutverki við að breyta ferðavenjum. Meðfram Borgarlínu verða eftirsóknarverð uppbyggingarsvæði fyrir íbúa og atvinnulíf. Farþegagrunnur almenningssamgangna verður því styrktur og þannig skapast skilyrði fyrir bætta þjónustu. Borgarlína og samgöngumiðuð uppbygging sem beint er á kjarna víðsvegar um höfuðborgarsvæðið mun styrkja öll hverfi," segir þar enn fremur.

Vatnið sameiginleg auðlind

Samhliða svæðisskipulaginu unnu sveitarfélögin jafnframt að því að endurskoða vatnsverndarsvæði fyrir höfuðborgarsvæðið, en auðlindin er sameiginleg á stórum hluta svæðisins. „Í þeirri vinnu var í fyrsta sinn beitt grunnvatns- og rennslislíkani við afmörkun verndarsvæða. Markmiðið er að tryggja hámarkshollustu neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar með því að koma í veg fyrir óæskileg áhrif af völdum athafna á vatnsverndarsvæðum. Með því verður tryggt eins og frekast er unnt að íbúar höfuðborgarsvæðisins hafi alltaf þau lífsgæði að geta gengið að hreinu neysluvatni vísu."

Sameiginleg sýn um vöxt

„Hið gjöfula samstarf sem lagður er grunnur að í nýju svæðisskipulagi verður drifkraftur fyrir farsæla uppbyggingu nútíma borgarsvæðis þar sem unnið verði að sjálfbærri þróun. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru ólík og mikilvægt er að þau fóstri sín sérkenni til að allir geti fundið byggð við sitt hæfi. Þannig verði skapaður frjósamur jarðvegur sem laði það besta fram á svæðinu öllu. Höfuðborgarsvæðið 2040 er virk áætlun til að ná fram sameiginlegri sýn sveitarfélaganna um hagkvæman vöxt svæðisins. Stefnan sem sett er fram með leiðarljósum, markmiðum og aðgerðum, er almennur leiðarvísir við mótun og þróun byggðar á höfuðborgarsvæðinu sem þarf að útfæra í aðalskipulögum sveitarfélaga," segir í kynningunni á skipulaginu.

Samræmdar áætlanir

Það er í höndum svæðisskipulagsnefndar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að fylgja málinu eftir og koma stefnunni fram. Gera á þróunaráætlanir til fjögurra ára, þar sem fram koma samræmdar áætlanri sveitarfélaganna í uppbyggingu, og aðgerðir sömuleiðis um hvernig ná á markmiðunum.

Gera á áætlun um þróun höfuðborgarsvæðisins, frá þessu ári og til ársins 2018. Þau skref sem nú á að stíga, snúa að:

- undirbúningi Borgarlínu og þróun allra samgöngukerfa á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við Vegagerðina,
- uppsetningu á mælaborði sem sýnir þróun helstu lykiltalna og
- sérstökum samráðshópi sem skipaður hefur verið um vatnsvernd og vatnsnýtingu.

Byggt á samkomulagi

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu samþykktu í ágúst 2012, með sérstöku samkomulagi, að vinna að heildarendurskoðun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Nýtt svæðisskipulag ætti að miðast við eðlisbreytingar sem hafa orðið í svæðisskipulagsmálum með nýjum skipulagslögum. Skrifstofu Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu var falið að stýra verkefninu. Margir hafa tekið þátt í verkefninu, segir í kynningu, bæði starfsmenn sveitarfélaga og utanaðkomandi ráðgjafar, auk stofnana eins og Vegagerðarinnar og Skipulagsstofnunar.

Greina forsendurnar

„Við endurskoðun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins hafa verið gerðar margvíslegar forsendugreiningar sem hjálpa til að skilgreina áskoranir, móta framtíðarsýn og setja markmið og lista upp þær aðgerðir sem vinna þarf áfram á skipulagstímanum.

Forsendugreiningar voru unnar sem sjálfstæð verkefni, liður í sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins eða sérverkefni undir hatti svæðisskipulagsnefndar. Allar greiningar voru unnar í samráði við hagsmunaaðila og kemur fram í fylgiritunum hvernig því samráði var háttað," er fullyrt í kynningunni

Þar segir jafnframt að umhverfismat hafi verið unnið fyrir tillöguna í samræmi við lög, en sú vinna fór fram samhliða öðru.

Færri bílar gætu sparað samfélaginu 8 milljarða á ári

Verði spornað við fjölgun bíla, samfara fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu, og áhersla lögð á fjölbreyttari samgöngur en einkabíla, mætti spara samfélaginu allt að 195 milljarða króna á tímabilinu 2015-2040. Þetta kemur fram í spá um þróun byggðar- og samgangna á höfðborgarsvæðinu, í tengslum við nýtt svæðisskipulag.

Gatnakerfið sprakk

Í flestum borgarsamfélögum af svipaðri stærð hefur sú stefna verið tekin að efla aðra ferðamáta en einkabílinn; að íbúum fjölgi án þess að bílaumferð aukist, segir í gögnum sem birt voru í fyrra við undirbúning skipulagsins.

Í samantekt á vef Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu kemur fram að þróun bílaumferðar í 85 borgum í Bandaríkjunum, yfir 20 ára tímabil, hafi sýnt að meðaltafir í umferð á annatíma hafi tvöfaldast, enda þótt umtalsvert hefði verið fjárfest í gatnakerfi. Hvergi hafi tekist að auka afkastagetu gatnakerfisins nægilega hratt til að mæta aukinni bílaumferð.

Meiri tími í umferðinni

Í samantektinni segir að umferðarspár bendi til þess að erfitt verði að uppfylla ferðaþarfir fólks með góðu móti, eingöngu með því að bæta við umferðarmannvirkjun. Vaxi höfuðborgarsvæðið út á við að mestu og val fólks á farkostum óbreytt miðað við núverandi stöðu, muni bílaumferð aukast langt umfram íbúafjölgun. Þá myndi sá tími sem hver og einn eyðir að jafnaði í umferðinni aukast um fjórðung. Þá myndu tafir í umferðinni aukast verulega, enda þótt miklu fé hefði verið varið í umferðarmannvirki.

Sýndar eru þrjár sviðsmyndir. Sú fyrsta gengur út á óbreyttan vöxt bílaumferðar samfara íbúafjölgun, þannig muni fjöldi bílferða t.a.m. aukast um 45 prósent, samfara íbúafjölgun. Tvær til viðbótar ganga út frá því að bílaumferð aukist minna en svo.

Mikill samfélagslegur ábati

Fjölgi bílferðum um 17 prósent þá er gert ráð fyrir því að samfélagslegur ábati muni nema á bilinu 95-115 milljarða króna, fram til ársins 2040 en tvær til viðbótar ganga út frá því að vöxtur bílaumferðar verði minni; minna verði varið í stór samgöngumannvirki og frekari áhersla verði lögð á almenningssamgöngur.

Þá sýnir þriðja svipmyndin að ef bílferðum fjölgar aðeins um tvö prósent, að þá verðir samfélagslegur á bilinu 175-195 milljarðar króna á árabilinu 2015-2040. Í þessum sviðsmyndum er ekki gert ráð fyrir heilsufarskostnaði og kostnaði við bílastæði.

Í tillögum um svæðisskipulag er og þessu tengt, gert ráð fyrir þéttingu byggðar, en að höfuðborgarsvæðið haldi ekki áfram útþenslu um sinn.

LÖNDUN EHF.

Löndun ehf sér um skipaafgreiðslu í Reykjavík og Hafnarfjarðarhöfn. Fyrirtækið veitir vandaða og skjóta þjónustu. Býður einnig upp á nauðsynlegan tækjabúnað og úrval manna sem reiðubúnir eru með stuttum fyrirvara að landa úr skipum.

Fyrirhyggja, lipurð og samviskusemi einkenna þá þjónustu sem við veitum

Löndun ehf. - Kjalarvogi 21, 104 Reykjavík - Sími 552 9844 - Fax 562 9844 - londun@londun.is

ÚTTEKT

Hverjir fá kvóta

- 2. Hluti

Þrír einstaklingar um mikinn arð

Eigendur Samherja á Íslandi eiga og hafa umtalsverð ítök í fyrirtækjum sem fá úthlutað 12,66 prósentum af heildarkvótanum hér við land, mælt í þorskígildistonnum. Þetta kemur fram þegar kannað er eignarhald á Samherja og tengdum félögum. Þetta er meiri kvóti en gert er ráð fyrir að sé á einni hendi. Mesti kvóti sem úthlutað er til eins fyrirtækis er til HB Granda, 10,67 prósent.

Samherji á Íslandi fær einn og sér úthlutað tæpum sex prósentum heildarkvótans. Útgerðarfélag Akureyringa sem er að öllu leyti í eigu Samherja fær svo tæp tvö prósent til viðbótar. Síðan á Samherji tæplega 45 prósenta hlut í Síldarvinnslunni í Neskaupsstað. Hún fær úthlutað 3,19 prósentum af kvótanum. Í hennar eigu er svo útgerðarfélagið Bergur-Huginn sem fær ríflega einu og hálfu prósenti úthlutað. Þegar þetta er allt lagt saman, fer úthlutunin töluvert yfir tólf prósenta þakið.

Engin viðbrögð

Vefritið Smugan spurði Eyþór Björnsson, Fiskistofustjóra, um þessa stöðu snemma árs 2013, en þá var uppi svipuð staða með tilliti til kvótaþaksins.

- Hvernig bregst Fiskistofa við þeirri stöðu?

„Lagaákvæði um tengda aðila eru ekki mjög sterk til dæmis er ekki skilgreint hvað felst í hugtakinu raunveruleg yfirráð í lögunum," sagði fiskistofustjóri.

Samherji sjálfur skilgreinir tengda aðila með eftirfarandi hætti, samkvæmt skýringum við nýjasta ársreikning félagsins:

„Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félagi eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila félagsins eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif á. Hluthafar sem fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif, móðurfélag, systurfélög og félög í þeirra eigu teljast einnig tengdir aðilar."

Eigendur

En hverjir eru þá þessir aðilar sem eru á bak við fyrirtækin sem fá úthlutað þessum kvóta? Hér verður fjallað um þá sem eiga mest.

Samherji hefur starfsemi víða um lönd en hér á landi er það Samherji Ísland ehf. sem fær kvótanum úthlutað. Það félag er að níu tíundu í eigu Samherja hf. Þeir þrír einstaklingar sem hér eru nefndir eiga ríflega 8 prósent af því sem upp á vantar.

Þessir þrír einstaklingar eiga svo tæplega 87 prósenta hlut í Samherja hf. Þeir eru Þorsteinn Már Baldvins-

Þorsteinn Már Baldvinsson er forstjóri Samherja.

Eignarhald Samherja

Samherji Ísland ehf.

5,98% af kvótanum

90,50%	Samherji hf.	
	36,10%	Eignarhaldsfélagið Steinn ehf.
		51% Þorsteinn Már Baldvinsson
		49% Helga S. Guðmundsdóttir
	35,70%	Kristján V Vilhelmsson
	14,80%	Fjárfestingafélagið Fjörður ehf. [1]
		40% Eignarhaldsfélagið Steinn
		40% Kristján V Vilhelmsson
		20% Fjárfestingafélagið Fjörður ehf.
	11,70%	Bliki ehf.
		27,5% FramInvest Sp/f
3,2%	Eignarhaldsfélagið Steinn	
3,2%	Kristján Vilhelmsson	
1,9%	Fjárfestingafélagið Fjörður ehf.	

[1] Miðað er við upplýsingar úr nýjasta birta ársreikningi. Í hluthafalista Creditinfo segir að Eignarhaldsfélagið Steinn eigi 50% hlut, en annarra hluthafa er ekki getið.

Kristján Vilhelmsson er einn af valdamestu mönnum landsins.

Þorsteinn Már Baldvinsson stýrir Samherja, en félagið hefur gríðarleg ítök, ekki aðeins í sjávarútvegi með drjúgan hluta kvótans og ítökum í öðrum útgerðum, heldur einnig í öðrum rekstri eins og olíuverslun, innflutningi og fjölmiðlum.

ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

Skiptum um tímareimar, hjólalegur, spindilkúlur, stýrisenda og bremsubúnað. Gírkassa- og vélaviðgerðir. Yfirförum og gerum við. Færum í skoðun sé þess óskað. Fljót og góð þjónusta!

LOSUM SPÍSSA!

NÝ OG BETRI ÞJÓNUSTA

Getum tjakkað spíssa úr mörgum gerðum bíla án þessa að taka heddin af. Getum borað spíssa úr 2.0L Renault, Nissan og Opel ef spíss slitnar.

Eigum rafmagnstengi fyrir spíssa og tveggja til sex pinna skynjara.



Mekka

BIFREIÐAVERKSTÆÐI GARÐABÆJAR

Smiðsbúð 2
210 Garðabæ
Sími 577 6670
mbvg@mbvg.is
www.mbvg.is

Þegar Stálskip hættu útgerð og seldu togarann Þór úr landi, þá fóru aflaheimildirnar til fyrirtækja sem tengjast Samherja, Síldarinnslunnar þar á meðal og ÚA. Hafnarfjarðarbær krafðist forkaupsréttar á aflaheimildunum. Það væri í samræmi við lög um stjórn fiskveiða. Eigendur Stálskipa mótmæltu þeim skilningi þar sem í lögunum væri kveðið á um sölu skipa milli sveitarfélaga, en togarinn Þór var seldur til útlanda. Vestmannaeyjabær stóð í svipuðu máli gegn sömu aðilum raunar, og krafðist forkaupsréttar á kvóta útgerðarinnar Bergs-Hugins í Eyjum sem seld var austur. Hæstiréttur dæmdi nýlega að bæjarfélagið hefði ekki átt þann forkaupsrétt. Ekki er víst hvort dómur Hæstaréttar á við í tilviki Hafnarfjarðarbæjar og aflaheimildanna sem seldar voru frá Stálskipum.

son, Kristján Vilhelmsson og Helga S. Guðmundsdóttir.

Þorsteinn Már og Helga eiga saman Eignarhaldsfélagið Stein sem skráð er fyrir ríflega 36 prósenta hlut. Kristján á tæp 36 prósent í eigin nafni. Þau þrjú eiga svo saman Fjárfestingafélagið Fjörð sem skráð er fyrir tæplega 15 prósenta hlut í Samherja.

Bliki ehf. er skráðu eigandi að 11,70 prósenta hlut í Samherja hf. FramInvest Sp/f er skráð fyrir 27,5 prósenta hlut í Blika. Þetta félag er skráð í Færeyjum. Í fyrirtækjaskrá Hoovers er Þorsteinn Már Baldvinsson nefndur efstur á lista yfir stjórnendur. Samkvæmt ársreikningi Samherja fyrir árið 2005 var hlutir Samherja hf. í félaginu þá ríflega 73 prósent. Tólf aðilar aðrir eiga svo 5-7 prósenta hlut í Blika hver.

Þorsteinn Már og Kristján eru frændur. Þorsteinn og Helga voru hjón.

Háar arðgreiðslur

Samherji Ísland gerir upp í evrum. Samkvæmt síðasta ársreikningi félagsins sem er fyrir árið 2013 nam hagnaður af rekstri 25 milljónum evra. Hagnaðurinn árið áður var svipaður. Hátt í fjórir milljarðar króna hvort ár, miðað við gengi dagsins í dag.

Arðgreiðsla til hluthafa fyrir árið 2013 nam tæpum 13 milljónum evra. Það gerir á gengi dagsins tæplega 1,8 milljarðar króna. Í grófum dráttum mætti ætla að hvert þeirra þriggja, Þorsteinn, Vilhelm og Helga, hafi fengið hátt í 600 milljónir úr þessu félagi fyrir það ár.

Þegar Síldarvinnslunni er kippt inn í dæmið, þar sem þessir aðilar eiga bróðurpart í 45 prósenta hlut, má sjá að arðgreiðslur til þeirra þriggja nema mun hærri upp hæðum. Síldarvinnslan gerir upp í Bandaríkjadölum. Þar nam arðgreiðslan fyrir árið 2013 ríflega tveimur milljörðum króna á gengi dagsins í dag. Það þýðir að þessir þrír einstaklingar hafa aftur skipt með sér tæpum milljarði króna. Arðgreiðsla Síldarvinnslunnar árið á undan nam um einum og hálfum milljarði króna. Hér er ekki tekið tillit til hagnaðar eða arðgreiðslna sem kynnu að hafa komið til af Útgerðarfélagi Akureyringa, en Bergur-Huginn er innan samstæðu Síldarvinnslunnar.

Samherjaskip við hafnarbakkann fyrir norðan.

Ingimar Karl Helgason

Mikil umsvif

Umsvif Samherja og eigenda félagsins í öðrum geirum atvinnulífsins en sjávarútvegi eru umtalsverð. Á heimasíðu Samherja eru nefnd Krossanes á Akureyri. Íslandslax í Grindavík, Oddeyri, Polaris Seafood í Reykjavík og Reykfiskur á Húsavík, meðal félaga sem Samherji á í allt hlutafé. Þá eru nefndir stórir hlutir í félögum í Neskaupstað og Grundarfirði, auk hins stóra hlutar í Síldarvinnslunni sem áður var nefndur. Þá á Síldarvinnslan hluti í fjölmörgum fyrirtækjum. Nefna má Fóðurverksmiðjuna Laxá á Akureyri, auk hluta í fyrirtækjum á Akranesi, Siglufirði, í Reykjavík, en jafnframt í Bandaríkjunum og þriðjungshlut í East Greenland Codfish, er þá ekki allt talið upp.

Sum þessara félaga eru ekki rekstrarfélög heldur eignarhalds- eða fjárfestingarfélög. Því er þessi upptalning ekki tæmandi.

Þá eru eignir í ýmsum öðrum félögum áberandi. Samherji á 37,5 prósenta hlut í Olíuverzlun Íslands, Olís. Olís er í hópi stærstu fyrirtækja landsins og veltir tugum milljarða ár hvers. Innan Olís samstæðunnar eru svo fjöldamörg fyrirtæki. Nefna má Ellingsen, DGV ehf. , Nafta, Abena Ísland, stjóran hlut í Olíudreifingu, Fjölveri og Garði.

Einnig má nefna að Kaldbakur ehf. , dótturfélag Samherja þar sem Þorsteinn Már er í fyrirsvari, á um 18 prósenta hlut í Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins, auk þess sem Síldarvinnslan á um 6 prósenta hlut. Eigendur Samherja eiga því og/eða hafa ítök í um það bil fjórðungshlut í fjölmiðlinum.

Mikil ítök og áhrif

Þeir þrír einstaklingar sem eiga Samherja hafa sýnilega mikil áhrif í rekstri fyrirtækja víða um land, þar sem þúsundir manna starfa. Bæði í fyrirtækjum sem eru beintengd sjávarútvegi, veiðum og vinnslu, en líka fyrirtækjum í allt öðrum starfsgreinum, líkt og Olís og Árvakri. Þess utan þá fá þessir sömu þrír einstaklingar bróðurpartinn af þeim arði sem kemur til af ríflega tólf prósentum heildarkvótans hér við land.

TERHI
Bátar á sjó og vötn

NÝ SENDING

Vegna mikillar sölu er komin ný sending af Terhi bátum.

Þar á meðal nýtt model Terhi 445.
Vinsamlega leitið upplýsinga hjá sölumönnum okkar.

VÉLASALAN
Til sjávar og sveita í 75 ár
www.velasalan.is
S. 520 0000, Dugguvogi 4, 104 Reykjavík

KRÓKUR
Á GARÐAHOLTI

Krókur á Garðaholti
er lítill bárujárnsklæddur burstabær sem var
endurbyggður úr torfbæ árið 1923.
Í Króki eru varðveitt gömul húsgögn og munir.

**Opið hús frá kl. 13 - 17
alla sunnudaga í sumar.**

Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar

Breytingar á ferðaþjónustu fatlaðra í vetur:

„Reykjavíkurborg ber að axla ábyrgð á þessu sorglega máli“

Fulltrúar meirihluta og minnihluta í borgarstjórn Reykjavíkur greinir á um ábyrgð stjórnar Strætó bs. vegna fjölda mistaka við innleiðingu breytinga á ferðaþjónustu fatlaðra í vetur. Framsókn og flugvallarvinir krefjast þess að skipt verði um stjórn og vísa meðal ananars til þess að stjórnin hafi í reynd verið sett af í vetur og neyðarstjórn skipuð til að sjá um feðraþjónustuna. Sjálfstæðismenn segja að borgin eigi að axla ábyrgð, eins og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Stjórnarmenn í Strætó eigi að horfa í eigin barm. Fulltrúar meirihluta Bjartrar framtíðar, Pírata, Samfylkingar og Vinstri grænna segja hins vegar að ekki megi kenna núverandi stjórn um allt sem aflaga fór. Ekki sé víst hver hafi átt að bera heildarábyrgð á innleiðingu breytinganna.

Meirihluti borgarráðs felldi á dögunum tillögu Framsóknar og flugvallarvina um að skipa nýja fulltrúa í stjórn Strætó bs. Tilefnið er klúður og ófarir við innleiðingu á breytingum á ferðaþjónustu fatlaðra í vetur. Fram hefur komið að breytingarnar hafi verið gerðar á röngum tíma árs, ekkert samráð hafi verið haft við þá sem þjónustuna fá, fólki með þekkingu og reynslu hafi verið sagt upp störfum, einnig fötluðum starfsmönnum. Þjónustan var enn fremur mjög slæm. Mikið var um seinkanir. Fólk þurfti að bíða úti um hávetur, eða var skilið eftir. Dæmi voru um að fólk týndist eða gleymdist og þótti mildi að enginn skaðaðist meira en raun ber vitni. Ákveðið var að setja á stofn sérstaka neyðarstjórn undir forystu Stefáns Eiríkssonar, forstöðumanns Velferðarsviðs borgarinnar, í því skyni að koma ferðaþjónustunni í lag. Nýlega var svo lögð fram svört skýrsla frá Innri endurskoðun borgarinnar, þar sem innleiðinginn fær falleinkunn.

Tillagan felld

Framsóknarmenn í borgarráði lögðu til í febrúar að skipt yrði um stjórn í Strætó bs. Skipt yrði um fulltrúa Reykjavíkur og varamann í stjórninni. „Jafnframt skorum við á fulltrúa Reykjavíkurborgar í Sambandi sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu að leggja fram tillögu á stjórnarfundi SSH um að öll stjórn Strætó bs. verði leyst frá störfum og ný stjórn skipuð, en Reykjavíkurborg er eigandi 60,3% í Strætó bs. , skv síðasta ársreikningi og hefur vald samkvæmt því.“

Tillögunni var þá frestað, en hún var tekin fyrir í síðustu viku og þá felld með 4 atkvæðum borgarráðsfulltrúa meirihlutans, gegn þremur atkvæðum framsóknar- og sjálfstæðismanna.

Veik stjórn og ráðríkur stjórnandi

Í bókun meirihlutans er skuldinni að mestu leyti skellt á Reyni Jónsson, fyrrverandi framkvæmdastjóra byggðasamlagsins, en sagt „hæpið“ að „veik“ stjórn eigi að axla alla ábyrgð.

„Í skýrslu innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar um sameiginlega ferðaþjónustu fatlaðs fólks er rakið hvar ábyrgð á mótun og innleiðingu breytinganna á þjónustunni liggur og er ljóst af henni að hæpið er að færa ábyrgð á þeim misbrestum sem urðu í innleiðingunni á stjórn Strætó bs. í jafn ríkum mæli og gengið er út frá í tillögu Framsóknar og flugvallarvina um að hlutast verði til um að skipta út stjórnamönnum í fyrirtækinu.“

Vísað er til skýrslu innri endurskoðuna að Strætó „hafi verið í þeirri einkennilegu stöðu að hafa ráðríkan framkvæmdastjóra sem virðist hafa farið sínu fram, en að því er virðist frekar veika stjórn þar sem skipt var reglulega um stjórnarformann. Í því ljósi segir innri endurskoðun nauðsynlegt að skýra til fulls hlutverk og umboð stjórnar Strætó bs. og skilgreina hlutverk fulltrúaráðs SSH í eigendastefnu. Sú stjórn sem nú situr í Strætó var skipuð þegar innleiðing breytinganna var að hefjast en ekki var ljóst hverjum var falið að bera heildarábyrgð á því verkefni.“

Eigendur hafi haldið að Strætó bæri alla ábyrgð, en Strætó hafi bara talið sig bera hluta af ábyrgðinni.

„Eðlilegra“ að styðja stjórnina

„Í því samhengi telur innri endurskoðun að eftirlit hjá sveitarfélögum og velferðaráðum þeirra hafi brugðist. Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata geta í þessu ljósi ekki tekið undir tillögu þar sem skuld er skellt á stjórn Strætó bs. og fullyrt er að verkefni tengd Strætó bs. séu stjórninni almennt ofviða. Eðlilegra er að eigendur styðji við núverandi stjórn í sínum verkum eins og þarf og axli þannig sinn hluta ábyrgðarinnar á þeim mistökum sem gerð voru við innleiðingu á sameiginlegri ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu,“ segir í bókun meirihlutans.

Bryndís Haraldsdóttir, stjórarformaður, Sjálfstæðisflokki, Mosfellsbæ.

Gunnar Valur Gíslason, Sjálfstæðisflokki, Garðabæ.

Sigrún Edda Jónsdóttir, Sjálfstæðisflokki, Seltjarnarnesi

Einar Birkir Einarsson, Bjartri framtíð, Hafnarfirði

Theódóra Þorsteinsdóttir, Bjartri framtíð, Kópavogi

Kristín Soffía Jónsdóttir, Samfylkingu, Reykjavík

„Ber að axla ábyrgð“

Sjálfstæðismenn segja í sinni bókun að stjórnarmenn í Strætó hljóti að hugleiða stöðu sína, enda hafi eftirlit hennar með innleiðingunni brugðist. Þar er tekið undir með því sem segir í skýrslu innri endurskoðunar um að stjórnin hafi verið veik og hún hafi öðru fremur stimplað tillögur framkvæmdastjórnar Strætó bs. „Enn fremur segir að ekki verði annað séð en að eftirlit stjórnar með rekstri hafi brugðist varðandi verkefni er lutu að ferðaþjónustu fatlaðs fólks. Reykjavíkurborg ber að axla ábyrgð á þessu sorglega máli. Það eiga önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu að gera líka. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks hafa áður bent á að stjórnarmenn hljóti að hugleiða stöðu sína.“

Undrast tregðu

„Framsókn og flugvallarvinir furða sig á tregðu meirihlutans til að axla stjórnunarlega, faglega og pólitíska ábyrgð á þeirri handvömm sem kjörin stjórn Strætó bs. hefur orðið uppvís að,“ segir í þeirra bókun. Þar segir að í byrjun febrúar hafi ákveðin mál verið færð frá stjórn Strætó og sérstök neyðarstjórn hafi verið skipuð um ferðaþjónustuna „þar sem ljóst var að skipaðri stjórn var ofviða að standa að og klára innleiðingu ferðaþjónustu fatlaðra. Þá liggur fyrir skýrsla innri endurskoðanda þar sem kveðinn er upp áfellisdómur yfir stjórn Strætó bs. í þeim verkefnum sem snúa að ferðaþjónustu fatlaðra.“ Þá ítrekar borgarráðsfulltrui Framsóknar og flugvallarvina að stjórn Strætó bs. hafi „misst traust íbúa höfuðborgarsvæðisins og borgarbúa til áframhaldandi verka.“

OTA SOL GRYN®

Holl, ristuð hafragrjón

VELDU HEILKORN

HAFRATREFJAR LÆKKA KÓLESTERÓL

SÓLSKIN BEINT
Í HJARTASTAÐ

ENNEMM / SÍA / NM68111

Landsbankamótið í fótbolta var haldið á Sauðárkróki á dögunum. Þangað fóru stúlkur úr 6. og 7. flokki Haukanna ásamt foreldrum og öðru fylgdarliði. Þarna var margt um manninn en um 900 þátttakendur voru á mótinu. Piltar úr körfuknattleiksdeild Haukanna voru einnig á faraldsfæti, en fjórir af yngri flokkum félagsins, 7., 8., 9. og 10. flokkur drengja, fóru í keppnisferð til Spánar. Ferðin þótti takast vel og árangurinn góður, þótt ekki næðust verðlaunasæti. Myndir: Haukar.is

Girðing við Garðahraunsstíg

Á dögunum var sett upp öryggisgirðing eða teinavegrið við Garðahraunsstíginn þar sem hann liggur utan í mön við Reykjanesbraut. Þegar stígurinn var lagður utan í mönina myndaðist brattur kantur niður af stígnum þar sem gat verið hætta á að ef fallið væri út af stígnum yrði fallið hátt og lending niður í hraunið. Til að koma í veg fyrir slys var því ráðist í gerð öryggisgirðingar við stíginn. Garðahraunsstígurinn er vinsæl samgönguleið og mikið um gangandi og hjólandi umferð, segir á vef Garðabæjar.



Höfum tekið við umboði Topa sem bjóða meðal annars glussafleyga og fleiri góð verkfæri sem hafa áunnið sér gott orðspor hér á Íslandi á undan förnum árum.

Topa býður uppá úrval verkfæra og aukahluta, t.d. Klippum, Kröbbum og hinn þekkta Vibro-Ripper.

VÉLANAUST ehf

Álhella 4 • 221 Hafnarfjordur • Sími: 555 6670 • velanaust@velanaust.is

Álfar og list

Árlegur Listamannadagur Álfagarðsins í Hellisgerði í Hafnarfirði, hefst kl.13.00, á morgun, laugardaginn 11. júlí.

Oddrún Pétursdóttir opnar sýningu á verkum sínum í Álfagarðinum, Bergþóra Sigurðardóttir les í litlu álfaspáspilin og myndlistar og tónlistarmenn verða að störfum hér og þar um Hellisgerði. „Þeir listamenn sem áhuga á því vera með skellið á okkur pósti á alfar@alfagardurinn.is eða mætið bara á laugardaginn. Það eru allir velkomnir á þennan ljúfa og listræna dag í heillandi umhverfi Hellisgerðis, innanum gleðiorku álfanna," segir í fréttatilkynningu um viðburðinn.

Mikið úrval af minjagripum

NONNI GULL

Handverk í sérflokki

Strandgötu 37 · Hafnarfirði · Sími 565-4040

www.nonnigull.is

GLUGGAR & GARÐHÚS

Smiðsbúð 10 | 210 Garðabær | Sími: 554 4300 | Fax: 564 1187 | solskalar@solskalar.is | www.solskalar.is

1984 -2015 30 ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Viðhaldsfríir

gluggar, hurðir, rennihurðir, sólskálar og svalalokanir

Yfir 80 litir í boði.

Nánari upplýsingar á ***www.solskalar.is***

Allar tæknilegar upplýsingar, snið og teikningar, eru fyrirliggjandi hjá okkur.

TREC WEAR FATNAÐUR #PLAYHARD

TRECWEAR
North Sport Style

VAXTARVÖRUR.is

Helluhraun 14 - 220 Hafnarfjörður Opið 10-18:30 virka daga og 12-16 Laugardaga Sími 565-9595